

REGLUR UM FERÐAKOSTNAÐ INNANLANDS

Um ferðir innanlands gilda Reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, samþykktar af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 1. október 2020. Reglurnar er að finna [hér](#).

Fargjöld

Hlutaðeigandi ríkisaðili greiðir fargjöld vegna ferðalaga innanlands.

Annar kostnaður

Meginreglan er sú, að ferðamaður framvísar reikningum sem sýna þann kostnað sem af ferðinni hlýst og fær kostnaðinn greiddan. Mikilvægt er að skýringar komi fram á kostnaðarreikningum, tilefni ferðar, hvenær var farið og hvaða starfsmaður fór.

- Ef stofnun er með kerfishlutann „Kostnaðarskýrslur“, þá útbýr starfsmaður skýrslu, skannar inn öll fylgigögn og kemur þeim til samþykktaraðila.
- Aðrar stofnanir fylla út eyðublaðið „Greiðslubeiðni ferðakostnaðar innanlands“ sem finna má á [hér](#).

Frávik

Sé ekki unnt að leggja fram fullnægjandi reikninga getur stofnun ákveðið að greiða skuli dagpeninga til starfsmanns. Ferðakostnaðarnefnd ákveður dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins. Fjárhæð dagpeninga er endurskoðuð reglulega. Upplýsingar um dagpeninga innanlands er að finna [hér](#). Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða til og frá flugvöllum, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði og gistingu.

Ferðakostnaður sem greiddur er eftir reikningum, eða með innkaupakorti ríkisins þarf ekki að skrá á ferðareikning. Þegar dagpeningar eru greiddir eftir á þarf **ekki** að skila ferðareikningi, en ef þeir eru greiddir fyrirfram þarf að skila ferðareikningi. Greiðslubeiðni vegna fyrirfram greiddra dagpeninga er að finna [hér](#). Fyrirfram greiddir dagpeningar greiðast af viðskiptareikningi, tegund 12164. Ekki þarf ferðaheimild vegna ferða innanlands. Forsendur fyrir útreikningi dagpeninga, tilefni ferðar, hvenær og hvert var farið, skulu koma fram á ferðareikningi. Ferðakostnaðarnefnd ákveður og auglýsir fjárhæð dagpeninga. Upplýsingar um ferðakostnað hverju sinni er að finna [hér](#).

Ferðareikningur

Í þeim tilfellum, þar sem dagpeningar eru greiddir fyrirfram þarf að skila ferðareikningi á sérstöku eyðublaði. Eyðublaðið er að finna [hér](#). Mikilvægt er að vanda útfyllingu eyðublaðsins og tilgreina nafn ferðamanns, tilgang ferðar, hvenær og hvert var farið. Ferðareikningum ber að skila til Fjársýslu ríkisins eigi síðar en 10 dögum eftir heimkomu.